

Stykkishólmi 15. janúar 2022

Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Í desember 2021 samþykktu sveitarstjórnir Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Eftirtalin voru skipað í samstarfsnefnd.

Frá Helgafellssveit:

- Guðlaug Sigurðardóttir
- Guðmundur H. Hjartarson
- Guðrún Reynisdóttir
- Karín Rut Bæringsdóttir
- Sif Matthíasdóttir

Frá Stykkishólmsbæ:

- Haukur Garðarsson
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Lárus Hannesson
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Samstarfsnefndin hefur haldið 4 bókaða fundi. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn formaður nefndarinnar. Fundir nefndarinnar hafa ýmist farið fram rafrænt eða á staðnum og er fundað reglulega á undirbúningstímanum. Samstarfsnefnd leggur áherslu á virkt samráð við íbúa og lét það vera sitt fyrsta verk að halda samráðsfundi í hvoru sveitarfélagi, sem fram fóru fyrir jól. Þátttakendur á samráðsfundum sáu ýmis tækifæri við sameiningu sveitarfélaganna, en jafnframt miklar áskoranir. Áskoranirnar lúta fyrst og fremst að mismunandi skatthlutföllum og áhyggjum íbúa í dreifbýli af því að missa áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu. Tækifæri liggja helst í að bæta þjónustu við íbúa beggja sveitarfélaga, auka fjárfestingagetu og skapa tækifæri til fjárfestinga sem nýtist íbúum beggja sveitarfélaga, t.a.m. með því að byggja við skólahúsnæði, bæta aðstöðu fyrir eldri borgara og íþróttaaðstöðu og auka slagkraft til að bæta samgöngur og þjónustu hins opinbera.

Samstarfsnefndin ákvað að fjalla sérstaklega um fjóra málaflokka og fá stjórnendur og sérfræðinga á sína fundi. Sú vinna heldur áfram. Minnisblöð frá þeirri vinnu eru birt á heimasíðu verkefnisins helgafellssveit.is eftir því sem vinnunni vindur fram.

Álit nefndarinnar og helstu forsendur

Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara með áherslu á aukna þjónustu við dreifbýlið. Þá eru jafnframt tækifæri eru til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar enda eru tækifæri til þess að sameiginlegt sveitarfélag geti betur skapað heildstætt og kröftugt umhverfi á öllu svæðinu fyrir öflugt atvinnulíf og aukna samvinnu. Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingageta betri en hjá hvoru sveitarfélagi um sig, en til viðbótar mun 600 milljóna kr. sérstök sameiningarframlög á næstu árum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skapa aukið svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi. Þá eru jafnframt vísbendingar um að árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 5 mkr. á ári í sameinuðu sveitarfélagi.

Samstarfsnefndin leggur til að í stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags verði nefnd sem fjalli sérstaklega um hagsmuni dreifbýlisins. Fulltrúar í nefndina verði kosnir beinni kosningu af íbúum í núverandi Helgafellssveit. Vinnuheiti nefndarinnar er *Sveitaráð*. Á þann hátt verði komið til móts við áhyggjur íbúa í dreifbýli af því að missa áhrif á ákvarðanatöku. Jafnframt leggur samstarfsnefndin til að ný sveitarstjórn leiti leiða til að breytingar á skattheimtu verði ekki mjög íþyngjandi.

Það er álit nefndarinnar að íbúar sveitarfélaganna skuli fá tækifæri til að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Það er jafnframt álit nefndarinnar að sameiningin muni hafa fleiri kosti í för með sér en galla og henni fylgi mörg tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram **26. mars 2022** í báðum sveitarfélögunum. Samstarfsnefnd bendir sveitarstjórnnum á að undirbúa þarf kjörstjórnir sveitarfélaganna fyrir atkvæðagreiðslu og að embætti sýslumannsins á Vesturlandi verði upplýst um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu. Mikilvægt er að hafa í huga að ný lög um kosningar nr. 112/2021 tóku gildi í upphafi árs en atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna tveggja fara fram skv. **eldri lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.**

Í 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að sveitarstjórn láti gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Það form skal staðfest af ráðuneytinu. Með skilabréfi þessu fylgir tillaga að kjörseðli sem er unnin skv. fyrirmynd frá ráðuneytinu.


Samstarfsnefnd hefur nú lokið því verkefni sem nefndinni var falið með samþykkt sveitarstjórnanna í desember 2021 og leggur fram álit sitt. Samkvæmt 2.mgr. 119.gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir taka málið á dagskrá og hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Vakin er athygli á því að sveitarstjórnir þurfa að taka ákvörðun um hvort kynningarferli tillögunnar og undirbúningur atkvæðagreiðslu verði á höndum samstarfsnefndar eða sveitarstjórnanna sjálfra. Samstarfsnefnd leggur til að nefndinni verði falin þau verkefni. Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu mun byggja á greiningu og forsendum sem nefndin vinnur að, og birtist á helgafellssveit.is.

Hefja skal kynningu á tillögu og forsendum sameiningar fyrir íbúum sveitarfélaganna eigi síðar en 26. janúar 2022. Með áleti þessu fylgir tillaga að auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Samstarfsnefnd þakkar það traust sem henni hefur verið sýnt í störfum sínum.

Virðingarfyllst f.h. samstarfsnefndar


Jakob Björgvin Jakobsson, formaður

Fylgiskjöl:

- I. Tillaga að auglýsingu.
- II. Kjörseðill. Fyrirmynd.

Tillaga að auglýsingu

Samstarfsnefnd um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar leggur til að eftirfarandi auglýsing verði birt í Lögbirtingablaði og öðrum fjölmiðlum, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eftir að tillagan hefur fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna.

Tillaga um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Samstarfsnefnd um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hefur lagt álit sitt og helstu forsendur til tveggja umræðna í sveitarstjórnnum. Það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra í eitt.

Álit nefndarinnar og helstu forsendur hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 26. mars í báðum sveitarfélögunum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

25. janúar 2022

Undirritun formanns fyrir hönd nefndarinnar

Fylgiskjal II

Kjörseðill. Fyrirmynd

Atkvæðagreiðsla í Helgafellssveit laugardaginn 26. mars 2022

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Já”

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Nei”

☐

Já

☐

Nei